



STARFSREGLUR SEÐLABANKA ÍSLANDS

1. gr. Almenn

- 1.1. Seðlabanki Íslands starfar á grundvelli laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og er markmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.
- 1.2. Starfsreglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands.
- 1.3. Í starfsreglum þessum er fjallað um helstu atriði sem varða starfsemi Seðlabanka Íslands, m.a. um sameiginlega fundi seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, heimild starfsmanna Seðlabanka Íslands til þátttöku í stjórnnum stofnana og atvinnufyrirtækja, sbr. 5. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands og um reglur um umboð varaseðlabankastjóra og starfsmanna til að skuldbinda Seðlabanka Íslands með undirskrift sinni, sbr. 3. gr. sömu laga (hér eftir „sbl“).

2. gr. Yfirstjórn og verkaskipting

- 2.1. Seðlabankastjóri fer með yfirstjórn Seðlabanka Íslands og er forstöðumaður bankans.
- 2.2. Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabanka Íslands og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Hann ákveður fyrirkomulag gæðastjórnar og nánara verklag innan Seðlabanka Íslands. Seðlabankastjóri leggur fram rekstraráætlun og drög að ársreikningi bankans og annast samskipti við þá sem þörf er á og áskilið er vegna þessa.
- 2.3. Varaseðlabankastjórar leiða málefni og hafa faglega umsjón með vinnu bankans á sérsviðum sínum. Þeir bera ábyrgð á undirbúningi vinnu fyrir nefndir bankans sem starfa lögum samkvæmt, sitja í einstökum nefndum bankans og taka sameiginlegar ákvarðanir með seðlabankastjóra samkvæmt 3. mgr. 3. gr. sbl., sbr. grein 2.7.

- 2.4. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd, sbr. 9. gr. sbl. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur, m.a. um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna.
- 2.5. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika eru teknar af fjármálastöðugleikanefnd, sbr. 12. gr. sbl. Fjármálastöðugleikanefnd setur sér starfsreglur, m.a. um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna.
- 2.6. Ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirliti í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum skulu teknar af fjármálaeftirlitsnefnd, sbr. 15. gr. sbl. Fjármálaeftirlitsnefnd setur sér starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og birtingu ákvarðana sinna sem og um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem teljast ekki meiri háttar ákvarðanir.
- 2.7. Ákvarðanir um varðveislu gjaldeyrisforða, sbr. 30. gr. sbl. og veitingu ábyrgða eða lána til lánastofnana í lausafjáranda á grundvelli 2. mgr. 19. gr. sbl. skulu teknar af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum á fundi sem seðlabankastjóri boðar til. Á sama hátt skal taka ákvarðanir um setningu reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris á grundvelli laga um gjaldeyrismál, ákvarðanir um setningu reglna um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða, sbr. 2. mgr. 27. gr. sbl., og um skipulag bankans og setningu starfsreglna bankans.
- 2.8. Bankaráð Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda og sinnir sérstaklega tilgreindum viðfangsefnum sbr. 8. gr. sbl. Samkvæmt 8. gr. sbl. tekur eftirlit bankaráðs ekki til málsmeðferðar eða ákvarðana í einstökum málum

3. gr. Sameiginlegir fundir seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra

- 3.1. Ákvarðanir sem seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka sameiginlega sbr. gr. 2.7. starfsreglna þessarar og sbr. 3. mgr. 3. gr. sbl., skulu teknar á fundi sem seðlabankastjóri boðar til að jafnaði með fimm daga fyrirvara. Víkja má frá framangreindum tímafresti þegar sérstaklega stendur á.
- 3.2. Seðlabankastjóra ber að boða til fundar skv. gr. 3.1. ef að minnsta kosti tveir af þremur varaseðlabankastjórum óska eftir því.
- 3.3. Fundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra situr fund. Það telst fullnægjandi mæting og þátttaka ef seðlabankastjóri eða varaseðlabankastjóri taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað. Seðlabankastjóri stýrir fundum og leggur fram dagskrá.

- 3.4. Dagskrá og önnur nauðsynleg fundargögn skulu að jafnaði send eða vera aðgengi-
leg a.m.k. fimm dögum fyrir boðaðan fund.
- 3.5. Seðlabankastjóri tilnefnir starfsmann af skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands
sem ritara á sameiginlegum fundum. Ritari undirbýr dagskrá hvers fundar í samráði
við seðlabankastjóra, situr fundi og ritar fundargerð.
- 3.6. Aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands sitja fund þegar tilefni er til vegna mála sem
eru til umfjöllunar eða samkvæmt ákvörðun seðlabankastjóra og skal þá bóka í
fundargerð hvenær þeir koma inn á fund og hvenær þeir víkja af fundi.
- 3.7. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á fundum seðlabankastjóra og varaseðla-
bankastjóra þar sem sameiginlegar ákvarðanir þeirra skv. gr. 3.1. skulu skráðar og
skulu þær undirritaðar af þeim. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalakerfi Seðlabanka
Íslands ásamt framlögðum fundargögnum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma
fram í fundargerð:
- hverjir sitja fundinn;
 - fundarstaður;
 - fundardagsetning og fundartími (upphaf og endir);
 - númer sameiginlegs fundar;
 - hverjir voru viðstaddir fundinn;
 - bóka skal hvenær aðrir koma inn á fund og hvenær þeir fara af fundi;
 - fundargögn sem voru afhent eða lögð fram á fundinum;
 - samantekt;
 - skýr niðurstaða ákvarðana þar sem komi fram á hverju einstakar ákvarðanir séu
byggðar;
 - og eftir atvikum bókanir einstakra fundarmanna.
- 3.8. Drög að fundargerð skulu send seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum til yfir-
lestrar og samþykktar eigi síðar en þremur virkum dögum eftir fund. Hafi þeir
athugasemdir við drögin skal þeim komið á framfæri við fundarritara innan viku frá
fundu, að öðrum kosti telst fundargerð samþykkt. Eftir samþykkt fundargerðar
undirrita seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar hana.
- 3.9. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Ef atkvæði verða jöfn ræður at-
kvæði seðlabankastjóra.
- 3.10. Telji hann nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna getur seðlabankastjóri boðað til
fjarfundar og lagt þar mál fyrir til ákvörðunar og móttakið atkvæði í gegnum fjar-
fundarbúnað eða með tölvupósti. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki
til að boða/efna til fundar og er þá heimilt að óska staðfestingar meirihluta seðla-
bankastjóra og varaseðlabankastjóra utan fundar. Ákvarðanir sem teknar eru með
þessum hætti skulu staðfestar á næsta fundi og færðar í fundargerð.

- 3.11. Almennt skal ekki skrá í fundargerð innihald umræðna nema sérstök ástæða sé til og einstakir fundarmenn fari sérstaklega fram á það. Seðlabankastjóri eða vara-seðlabankastjóri, sem er ósammála ákvörðun meirihluta á fundi, á rétt á að fá álit sitt bókað sérstaklega í fundargerð.
- 3.12. Um hæfi gilda lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
- 3.13. Fundarmönnum er skylt að upplýsa án tafar um atvik sem geta valdið vanhæfi þeirra við afgreiðslu mála. Sé seðlabankastjóri eða varaseðlabankastjóri vanhæfur til þátttökum í umfjöllun um tiltekið mál skulu viðkomandi ekki taka þátt í meðferð þess að neinu leyti og skulu ekki hafa aðgang að gögnum eða vera viðstaddir umræður eða ákvarðanatöku á. Bóka skal í fundargerð að hluteigandi hafi vikið sæti.
- 3.14. Aðrir fundarmenn taka ákvörðun um vanhæfi einstakra fundarmanna ef vafamál koma upp.

4. gr. Þátttaka starfsmanna í stjórnnum stofnana og atvinnufyrirtækja

- 4.1. Seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum er óheimilt að sitja í stjórnnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem Seðlabanki Íslands á aðild að.
- 4.2. Starfsmenn Seðlabanka Íslands mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmennt eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.
- 4.3. Starfsmönnum Seðlabanka Íslands er óheimilt að sitja í stjórnnum stofnana eða atvinnufyrirtækja nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem Seðlabanki Íslands á aðild að eða að slíkt verði ekki talið fara gegn hagsmunum Seðlabanka Íslands. Seðlabankastjóri skal taka ákvörðun um slíkar heimildir.
- 4.4. Starfsmönnum Seðlabanka Íslands er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri, taka laun frá öðru fyrirtæki eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema með sérstöku leyfi seðlabankastjóra. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða mjög óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Heimilt er starfsmönnum að eiga óverulegan eignarhlut í félögum sem hluta af hefðbundnum sparnaði og skulu upplýsingar um slíkt liggja fyrir hjá skrifstofu seðlabankastjóra.

5. gr. Umboð til að skuldbinda Seðlabanka Íslands

- 5.1. Með vísan til 3. mgr. 3. gr. sbl. skulu eftirfarandi reglur gilda um umboð varaseðlabankastjóra og annarra starfsmanna Seðlabanka Íslands til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum. Reglur þessar kveða á um lágmarkskröfur.
- 5.2. Óháð reglum þessum getur seðlabankastjóri ávallt skuldbundið Seðlabanka Íslands með undirskrift sinni. Tveir varaseðlabankastjórar saman geta í fjarveru seðlabankastjóra skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
- 5.3. Umboð starfsmanna til að skuldbinda Seðlabanka Íslands greinast í tvær tegundir; A- og B-umboð en einnig geta komið til sérstök tímabundin C-umboð sbr. grein 5.7. Undirskrift starfsmanns með A-umboð getur komið í stað undirskriftar starfsmann með B-umboð, en ekki öfugt.
- 5.4. Einungis varaseðlabankastjórar og þeir starfsmenn sem hafa A- eða B- umboð, eða sérsök C-umboð, hafa heimild til að skuldbinda Seðlabanka Íslands með undirskrift sinni. Seðlabankastjóri getur þó veitt skriflegt umboð til undirritunar í sínu nafni sbr. grein 5.8. Umboð varaseðlabankastjóra og starfsmanna eru hins vegar persónubundin og óframseljanleg.
- 5.5. A- umboð hafa framkvæmdastjórar sviða og staðgenglar þeirra í fjarveru framkvæmdastjóra.
- 5.6. B-umboð skulu hafa staðgenglar framkvæmdastjóra sviða og forstöðumenn.
- 5.7. C-umboð getur seðlabankastjóri veitt sérstaklega öðrum þeim starfsmönnum, sem þurfa starfs síns vegna að geta skuldbundið bankann. Ákvarðanir um slíkt umboð skulu ávallt vera tímabundnar, að hámarki til tveggja ára, þar skal tekið fram að umboðið veiti sömu heimildir og annað hvort A- eða B-umboð og þar skal að öðru leyti afmarka heimildir skýrt með hliðsjón af verkefnum viðkomandi starfsmanns.
- 5.8. Þegar nauðsyn ber til getur seðlabankastjóri veitt einstaka starfsmönnum skriflegt umboð til undirritunar fyrir hönd bankans vegna tiltekins máls og skal slíkt umboð vera skýrt afmarkað að efni og gildistíma.
- 5.9. Sé ekki kveðið á um annað í reglum þessum þarf ávallt undirskrift seðlabankastjóra eða tveggja varaseðlabankastjóra í fjarveru hans til þess að skuldbinda bankann. Komi til undirskriftar starfsmanna bankans á grundvelli A- eða B-umboðs skulu að jafnaði tveir starfsmenn undirrita svo skuldbindandi sé af hálfu bankans.
- 5.10. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits hefur umboð til að skuldbinda bankann og rita undir bréf sem borin eru undir fjármálaeftirlitsnefnd til samþykktar eða synjunar, s.s. ákvarðanir nefndarinnar í meiri háttar málum og jafnframt vegna

ákvarðana sem nefndin hefur framselt varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits með vísan til 1. mgr. 15. gr. sbl., skv. nánar skilgreindum ákvörðunum í samþykktum starfsreglum fjármálaeftirlitsnefndar þar um. Í fjarveru varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits undirrita tveir starfsmenn með A-umboð.

- 5.11. Til útgáfu seðla eða sölu og kaupa og veðsetningar fasteigna þarf undirskrift seðlabankastjóra, eða tveggja varaseðlabankastjóra í fjarveru hans.
- 5.12. Tveir starfsmenn með A-umboð geta gefið út eða framselt víxla og önnur verðbréf sem gefin eru út af Seðlabanka Íslands. Til útgáfu tékka þarf undirskrift tveggja starfsmanna með A- og B- umboð.
- 5.13. Til að skuldbinda bankann vegna samninga um kaup á vörum eða þjónustu, eða framkvæmd verks, þar sem kaupin eru yfir viðmiðunarfjárhæð laga um opinber innkaup nr. 84/2007; þarf undirskrift seðlabankastjóra. Séu kaupin hins vegar ekki yfir fyrrgreindum viðmiðunarfjárhæðum þarf undirskrift tveggja starfsmanna með A- og B-umboð.
- 5.14. Fullgildar rafrænar undirskriftir hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskriftir sbr. lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
- 5.15. Skrifstofa bankastjóra Seðlabanka Íslands hefur yfirumsjón með framkvæmd reglnanna. Reglulega skal gefinn út listi með nöfnum þeirra sem hafa umboð til þess að skuldbinda Seðlabanka Íslands ásamt sérstökum undirritunarreglum sem standa til fyllingar reglum þessum.

6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 6.1. Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 6.2. Seðlabankastjóra, varaseðlabankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, þar á meðal í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

7. gr. Samþykkt starfsreglna Seðlabanka Íslands

- 7.1. Starfsreglur Seðlabanka Íslands skulu samþykktar á fundi seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra og undirritaðar af þeim.
- 7.2. Breytingar á starfsreglum Seðlabanka Íslands skulu með sama hætti samþykktar á fundi seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra
- 7.3. Starfsreglur þessar öðlast gildi við undirritun seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra.
- 7.4. Birta skal starfsreglurnar á vefsíðu bankans.

Samþykkt á fundi

seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra 28. janúar 2020